

Fundargerð

1. fundur Fræðslu- og velferðarnefndar haldinn í Ýdölum, mánudaginn 29. ágúst 2022, kl. 14:30.

Fundinn sátu:

Gunnhildur Hinriksdóttir, Sigurður Narfi Rúnarsson, Sigrún Jónsdóttir, Linda Björk Árnadóttir, Sigurbjörn Árni Arngrímsson og Alma Dröfn Benediktsdóttir í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundargerð ritaði: Alma Dröfn Benediktsdóttir, Verkefnastjóri.

Dagskrá:

1. Kjör varaformanns fræðslu- og velferðarnefndar - 2208015

Formaður leggur til að Sigurður Narfi verði kosinn varaformaður fræðslu- og velferðarnefndar.

Samþykkt

2. Erindisbréf fræðslu- og velferðarnefndar - 2208014

Lagt til kynningar drög af erindisbréfi fræðslu- og velferðarnefndar.

Nefndin leggur til að bætt verði við samþykktina í 2.gr að auki sitji starfsmaður nefndarinnar fundinn og riti fundargerð.

Nefndin telur mikilvægt að áheyrnarfulltrúar hafi möguleika á að koma inn á fundinn í gegnum fjarfundarbúnað þegar verið er að ræða þeirra málefni.

7.gr að starfsmaður riti fundargerð.

8.gr að skýrt komi fram hvernig nefndarmenn afboða sig á fundi og kalli inn varamann í sinn stað.

Samþykkt

3. Fundadagatal 2022-2023 - 2208013

Formaður lagði fram tillögu að fundadagatali fyrir 2022-2023.

29. ágúst

21. sept

19. okt

16. nóv

14. des

18. jan

15. feb

15. mars

19. apríl

17. maí

7. Júní

Samþykkt

4. Minnisblöð undirbúningsstjórnar - 2208007

Lagt til kynningar minnisblað starfshóps undirbúningsstjórnar um skólastarf.

Lagt fram til kynningar.

Lagt fram

5. Starf æskulýðs- og tómstundafulltrúa - 2206024

Verkefnastjóri kynnti starf æskulýðs- og tómstundafulltrúa sem hóf störf í nýju sameinuðu sveitarfélagi í haust.

Nefndin lýsir yfir ánægju sinni að ráðið hefur verið í starf tómstunda- og æskulýðsfulltrúa fyrir sameinaðs sveitarfélags.

Lagt fram

6. Samvinna á unglíngastigi - 2208016

Verkefnastjóri kynnti samvinnu Reykjahlíðarskóla og Þingeyjarskóla á unglíngastigi.

Nefndin þakkar verkefnastjóra yfirferðina og lýsir yfir ánægju sinni með að samstarfið sé komið af stað.

Lagt fram

7. Endurskoðun samninga um félags- og skólaþjónustu - 2208005

lagt fram bréf undirbúningsstjórn vegna sameiningar sveitarfélaganna þar sem farið var á leit við Norðurþing að endurskoðunarákvæði í samningum yrði virkjað í kjölfar sameiningarinnar og gengið til viðræðna um framtíðarfyrirkomulag á velferðar- og skólaþjónustu sveitarfélagsins. Fulltrúar sveitarfélagsins hafa óskað eftir að Norðurþing sendi upplýsingar um fjölda og eðli mála í málaflokknum.

Lagt fram til kynningar.

Lagt fram

8. Menntasókn í norðri - 2208017

Verkefnið Menntasókn í norðri í samvinnu við Ásgarð ráðgjafarþjónustu hefur hlotið styrk úr Sprotasjóði upp á 1,9 mkr. Styrknum er ætlað að koma af stað þróunarverkefnum í skólamálum með það markmið að fara ótroðnar slóðir við sköpun framtíðarsýnar í sveitarfélaginu.

Nefndin er ánægð með að styrkur hafi fengist til verkefnisins og mun hann nýtast vel við þróun nýrrar skólastefnu og mótun framtíðarsýnar fyrir sveitarfélagið en mikilvægt er að sú vinna fari af stað sem fyrst.

Lagt fram

9. Ósk um aukna þjónustu nemanda með sérþarfir - 2208035

Óskað um aukna aukna þjónustu nemanda við Stórutjarnaskóla.

Nefndin hefur kynnt sér málið og er samþykkt því að reynt verði eftir fremsta megni að koma á mótis við þarfir nemandans.

Lagt fram

10. Skipun fulltrúa í öldungaráð - 2208040

Lagt fram erindi félagsmálastjóra Norðurþings þar sem óskað er eftir afstöðu sveitarfélagsins til að vera hluti af sameiginlegu öldungaráði. Formaður leggur til að Ingvar Vagnsson verði tilnefndur.

Nefndin samþykkir að fyrirkomulagið verði óbreytt að svo stöddu en jafnframt að athugað verði hvort grundvöllur sé fyrir skipan öldungaráðs í sveitarfélaginu. Nefndin samþykkir að Ingvar Vagnsson verði tilnefndur fulltrúi Þingeyjarsveitar í ráðið.

11. Staðfesting á skipun notendaráðs í málefnum fatlaðs fólks. - 2208041

Í erindi frá Norðurþingi er óskað eftir afstöðu Þingeyjarsveitar til þess að notendaráð í málefnum fatlaðs fólks verði óbreytt.

Nefndin leggur til að fyrirkomulagið verði óbreytt.

Fundi slitið kl. 16:45.